

## AUGLÝSING

(V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga  
um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2009/2010 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

**Vopnafjörður.**

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.
- b) Skipta skal helmingi úthlutaðs byggðakvóta, 75 þorskígildislestum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og sækja um. Eftirstöðvunum, 75 þorskígildislestum, skal skipt í hlutfalli við landaðan afla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins, á tímabilinu 1. febrúar 2009 til 31. janúar 2010.
- c) Ekkert fiskiskip yfir 1.000 brúttótonn fær úthlutun.
- d) 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 7. apríl 2010.*

F. h. r.  
**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

*Hinrik Greipsson.*